

Stjórnarfundur Félags hrossabænda

haldinn í Bændahöllinni 02.09.2013 kl. 13:30

Mætt voru: Kristinn Guðnason formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Vignir Sigurðsson gjaldkeri, Magnús Jósefsson ritari, Ólafur Einarsson meðstjórnandi og Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Kristinn setti fund og bauð menn velkomna. Gengið til dagskrár.

Aðalfundur 2013. Rætt um dagsetningar á aðalfundi. Fundurinn hefur verið haldinn um miðjan mánuðinn. Nokkuð hefur verið talað um að halda aðalfund FHB/ráðstefnu fagráðs og formannafund LH/uppskeruhátíð sömu helgina. Vanalega hefur uppskeruhátíð verið fyrstu helgina í nóv. og var FHB tilbúið til að færa sinn fund fram á þá helgi. En nú virðist sem uppskeruhátíð verði aðra helgina í nóvember og þá er ekki fært að halda aðalfund FHB vegna vinnu framkvæmdastjóra á hestasýningunni Equine Affaire í USA.

Var því ákveðið að dagsetja aðalfundinn fös. 15. nóv.

Einnig rætt um að hafa bara eitt erindi á dagskrá. Huldu falið að kanna það mál.

Málþing um kynbótakerfið. Fagrád stendur fyrir málþingi um kynbótakerfið næsta föstudag. Þrír fyrirlesarar flytja erindi og svo verður opnað fyrir vinnuhópa og umræður. Kristinn mun sitja þingið fyrir hönd FHB.

Sigbjörn lagði fram **drög að skýrslu nefndar um kynbótasýningar og áverka.** Kristinn mun hafa skjalið með sem vinnuþagg inn á málþingið. Sigbjörn stefnir á einn lokafund í nefndinni sem síðan skilar af sér til aðalfundar.

Helga Thoroddsen kom til fundar varðandi Knapamerkin.

Samningurinn við Hólaskóla sem gerður var við Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið rann út um síðustu áramót. Samkvæmt honum átti skólinn að hýsa verkefnið og klára að skrifa námsefnið og koma út í samfélagið. Þessi vinna kláraðist 2008 og hefur verkefnið rekið sig síðan. Mikill áhugi á að fá efnið á erlend tungumál - 2. útgáfa af stigum 1-3 verið enduskoðuð og endurútgefin.

Sótt var um Leonardo styrk í samvinnu Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Mikil vinna þar að baki. Erfitt var að fá samtarfsaðila að umsókninni. Þurfa að vera helst tvær ESB þjóðir og svo þarf opinberar stofnanir sem bakland. Styrkurinn fékkst ekki sökum þessara veikleika. Umsóknin fær að öðru leyti góða dóma og mælt er með að sækja um aftur eftir að þessir þættir hafa verið bættir. Eftir að samningur við ráðuneytið rann út er verkefnið "munaðarlaust." Gera þarf nýjan samning og þá núna við Menntamálaráðuneytið enda Hólaskóli kominn þar undir.

Vesturlandsdeild. Enn hefur ekki verið haldinn aðalfundur þar. Kristinn mun hringja í formann deildarinnar og verði ekki boðað til fundar í deildinni fyrir 15. október nk. mun stjórn FHB boða til fundarins.

Hornafjarðardeild. Ekki hafa verið greidd félagsgjöld þar í nokkur ár og engir fulltrúar mætt til aðalfundar. Komi ekki félagatal og greiðsla fyrir aðalfund verður deildin formlega lögð niður innan FHB.

Rætt um flutninga skrifstofu og samþykkt að flytja á nýja skrifstofu á gangi BÍ. Huldu falið að ganga frá málinu.

Farið yfir fjármál félagsins og helstu kostnaðarliði til áramóta. Staðan ágæt og svipuð og fyrri ár, þó aðeins hafi verið gengið á sjóði félagsins til verkefna sbr. ályktanir aðalfundar.

Rætt um verðskerðingarsjóð og stofnverndarsjóð og hvort gera þurfdi reglugerðarbreytingar til að nýta megi meira fé úr þeim og þá hvernig megi standa að þeirri vinnu. Kristinn mun fylgja málinu eftir.

Gæðingakeppni Norðurlanda fer fram í Noregi í september. Verið er að fagna 20 ára afmæli gæðingakeppni í Noregi og mikið lagt í. Lið koma frá hinum Norðurlöndunum og taka þátt. Fimm íslenskir gæðingadómarar á leið út og leita aðstandendur verkefnisins til FHB eftir stuðningi. Framkvæmdastjóri FHB á ekki heimangengt þessa helgi, en fulltrúi gæðingadómara mun flytja kveðju félagsins. Samþykkt að veita 150 þús. króna styrk gegn auglýsingu í mótsskrá og á risaskjá, auk kveðju frá félaginu við setningu mótisins. Stjórnarmenn sammála um mikilvægi þess að stuðla að þróun og útbreiðslu gæðingakeppninnar erlendis.

Icelandic Horse Expo. Þetta verkefni var kynnt á síðasta stjórnarfundum og óskuðu aðstandendur þess eftir styrk í framhaldinu. Stjórnarmenn fagna framtakinu og hvetja þá sem að því standa til dáða. Samþykkt var að bjóðast til að styrkja verkefnið með vinnuframlagi og kynningarefni. Huldu falið að fylgja því eftir.

Einföldun félagskerfis bænda. Rætt stuttlega um hugmyndir vinnuhóps sem skoðar þessi mál í kjölfar samþykktar Búnaðarþings um sama efni. Sigbjörn, sem er búnaðarþingsfulltrúi FHB, rakti málið og skýrði fyrir stjórnarmönnum. Vigni og Sigbirni falið að skoða málið áfram fyrir hönd stjórnar.

Hestatorg á HM. Hulda sagði frá Hestatorginu á HM í Berlín. Þrátt fyrir ýmsa hnökra á mótahaldinu var hún ánægð með hvernig til tókst á Hestatorginu og var mikið að gera þar. Þúsundir gesta sóttu íslenska tjaldið heim og kláraðist allt kynningarefni sem félagið var með á sínum snærum. Megináhersla í Hestatorginu var á kynningu landsmóts á Hellu á næsta ári, íslenska hrossarækt og upprunaættbókina WorldFeng.

Önnur mál

Ekki fleira á dagskrá og fundi slitið kl. rúmlega 18.

HGG/hgg